

Stjórnarfundur Vísindagarðsins ehf. 17. maí 2023

Fundarstaður: Um fjarfundarbúnað (Teams).

Mætt: Björn Ingimarsson (BI), formaður, Steinunn Sigvaldadóttir (SS), Ragnar Sigurðsson (RS), og Hreinn Halldórsson (HH), umsjónarmaður fasteigna Vísindagarðsins ehf.

Björn Ingimarsson ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 15:30.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2022

Fyrir lá ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 endurskoðaður af KPMG. Helstu niðurstöður ársreiknings eru að tap ársins nemur kr. 6.006.640,-, Eigið fé er jákvætt um kr. 143.466.314,-, Veltufé frá rekstri nam kr. 6.083.688,- og Handbært fé í lok ársins nam kr. 48.374.940,-.

Samþykkt að stjórn staðfesti reikninginn með undirskrift sinni og leggi fyrir aðalfund félagsins.

2. Aðalfundur 2022 - Ákveða tímasetningu.

Samþykkt að boða til aðalfundar félagsins föstudaginn 2. júní 2022 kl. 10:00.

3. Verðmat eigna

Fyrir liggur verðmat Inni fasteignasölu á fasteignum félagsins að Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum sem styðst einkum við markaðsmat á sambærilegum eignum á svæðinu. Niðurstaða mats, dags. 16.06.2022, er að heildarverðmæti umræddra eigna nemi kr. 175.000.000,-. Formanni falið að óska eftir staðfestingu matsaðila á fyrirliggjandi verðmati.

4. Erindi frá 12 spora húsinu

Fyrir liggur erindi frá hópi fólks sem er virkt í 12 spora starfi og óskar eftir því að fá aðstöðu í kjallara Vonarlands til afnota. Stjórn samþykkir að fela umsjónarmanna fasteigna Vísindagarðsins að ganga frá leigusamningi við umrædda aðila í samræmi við umræðu á fundinum.

5. Önnur mál

Ýmsar leiðir ræddar varðandi framtíðarfyrirkomulag á rekstri og eignarhaldi félagsins og ákveðið að fulltrúar Múlapings og fjármálaráðuneytis haldi samræðum áfram með það að markmiði að fyrir liggi sameiginleg tillaga að framtíðarfyrirkomulagi fyrir lok árs.

Umsjónarmaður fasteigna fór yfir fjárhagsáætlun 2023 sem var skilað inn í lok júlí 2022 en var ekki tekin til formlegrar afgreiðslu í stjórn. Stjórn Vísindagarðsins samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.